Samþykkt um ungmennaráð Ísafjarðarbæjar

1. gr.

Lagagrundvöllur og stjórnskipuleg staða

Ungmennaráð Ísafjarðarbæjar starfar á grundvelli 2. mgr. 11. gr. æskulýðslaga nr. 70/2007, laga nr. 19/2013, um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, og samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

Ungmennaráð heyrir beint undir bæjarstjórn og starfar í umboði hennar. Ráðið starfar á skóla- og tómstundasviði.

2. gr.

Markmið

Ungmennaráð er ráðgefandi samráðsvettvangur barna og ungmenna gagnvart bæjarstjórn, nefndum og ráðum Ísafjarðarbæjar í öllum málum sem snerta hagsmuni, þjónustu og umhverfi ungs fólks í sveitarfélaginu.

Markmið ráðsins er að:

1. Tryggja að raddir og sjónarmið barna og ungmenna heyrist við stefnumótun og ákvarðanatöku í sveitarfélaginu.
2. Efla lýðræðisvitund, frumkvæði og virka samfélagsþátttöku ungs fólks.
3. Vera vettvangur þar sem ungt fólk getur komið málum á framfæri og haft áhrif á sitt nánasta samfélag.

3. gr.

Skipan og kjörgengi

Ungmennaráð er skipað 9 aðalfulltrúum og jafnmörgum til vara. Bæjarstjórn staðfestir skipan ráðsins eftir að tilnefningar liggja fyrir, að jafnaði fyrir 10. júní ár hvert.

Skipan ráðsins er þannig háttað:

Grunnskólar Ísafjarðarbæjar:

- Nemendaráð Grunnskólans á Ísafirði tilnefnir 2 aðalmenn og 2 til vara.
- Nemendur í Grunnskóla Önundarfjarðar tilnefna 1 aðalmann og 1 til vara.
- Nemendur í Grunnskólanum í Súgandafirði tilnefna 1 aðalmann og 1 til vara.
- Nemendur í Grunnskólanum á Þingeyri tilnefna 1 aðalmann og 1 til vara.

Framhaldsskóli: Nemendafélag Menntaskólans á Ísafirði tilnefnir 2 fulltrúa og 2 til vara.

Opin auglýsing: Auglýst skal eftir 1-2 aðalmönnum og sama fjölda til vara úr hópi ungmenna í sveitarfélaginu sem ekki stunda nám í grunn- eða framhaldsskóla. Sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs og starfsmaður ungmennaráðs fara yfir mótteknar umsóknir og leggur rökstudda tillögu um skipun fulltrúa fyrir bæjarstjórn. Við matið skal einkum líta til áhuga, framtíðarsýnar og forsendna umsækjanda til þátttöku, að samsetning fulltrúa endurspegli sem besta breidd m.t.t. aldurs, búsetu í sveitarfélaginu og bakgrunns, og lögboðins kynjajafnvægis í ráðinu í heild.

Bæjarstjórn skipar fulltrúa úr hópi umsækjenda að undangengnu mati. Berist ekki fullnægjandi umsóknir að mati bæjarstjórnar, eða ef umsóknir tryggja ekki æskilega breidd í ráðinu, er bæjarstjórn heimilt að leita tilnefninga eða skipa fulltrúa að fengnum ábendingum frá skóla- og tómstundasviði.

Fjöldi fulltrúa kjörnir eftir opinni auglýsingu tekur mið af tilnefningum annarra til að gæta þess að fjöldi fulltrúa í ráðinu standi á oddatölu.

Við skipun í ungmennaráð skal tryggt að hlutfall kynja sé sem jafnast og í samræmi við 28. gr. nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, en taka skal tillit til einstaklinga með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá. Tilnefningaraðilar skulu leitast við að tilnefna bæði karl og konu, eða aðal- og varamann af ólíku kyni, til að gera bæjarstjórn kleift að uppfylla skilyrði laganna.

Kjörgeng í ungmennaráð eru ungmenni með lögheimili í Ísafjarðarbæ á aldrinum 13–20 ára (frá 8. bekk).

Skipunartími fulltrúa er eitt ár í senn (frá 1. ágúst til 31. júlí). Heimilt er að endurtilnefna fulltrúa.

Ráðið kýs sér formann og varaformann úr hópi aðalmanna á fyrsta fundi sínum.

4. gr.

Verkefni og hlutverk

Helstu verkefni ungmennaráðs eru eftirfarandi:

Ráðgefandi: Ungmennaráð er ráðgefandi og veitir umsagnir um stefnumótun, áætlanir og framkvæmdir Ísafjarðarbæjar sem varða hagsmuni barna og ungmenna.

Frumkvæði: Ungmennaráð fylgist með því að nefndir, ráð, stofnanir og þjónusta sveitarfélagsins vinni með hagsmuni ungs fólks að leiðarljósi og getur kallað eftir upplýsingum um slík mál og komið með tillögur og ábendingar varðandi fyrirkomulag þjónustunnar eða framvindu mála. Tillögum skal beint til bæjarstjórnar, en jafnframt er heimilt að vísa málum til afgreiðslu til annarra fagnefnda, í samræmi við samþykktir um stjórn Ísafjarðarbæjar, eða til starfsmanns ráðsins til úrvinnslu.

Samráð: Ungmennaráð hefur virkt samráð við nemendaráð, félagsmiðstöðvar, ungmennafélög, íþróttafélög og aðra aðila sem starfa með ungu fólki í sveitarfélaginu.

Miðlun: Ungmennaráð miðlar upplýsingum til ungmenna í sveitarfélaginu um störf ráðsins og kallar eftir hugmyndum og sjónarmiðum þeirra.

Ungmennaþing: Ungmennaráð undirbýr og heldur árlegt ungmennaþing í sveitarfélaginu, að hausti, í samstarfi við starfsmann ráðsins, þar sem ungu fólki gefst kostur á að ræða málefni samfélagsins og leggja fram áherslumál fyrir ráðið fyrir starfsáætlun næsta starfsárs.

Starfsáætlun: Ungmennaráð vinnur árlega starfsáætlun þar sem gerð er grein fyrir helstu verkefnum og áherslum ráðsins. Samhliða gerð starfsáætlunar metur ráðið kostnað við verkefnin og leggur fram tillögu að fjárveitingu við gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins sem er háð samþykki bæjarstjórnar.

5. gr.

Fundarsköp og starfshættir

Ungmennaráð heldur fundi að hámarki 6 sinnum á ári. Formaður getur boðað til aukafunda telji hann ástæðu til eða ef meirihluti ráðsins óskar eftir því. Auk þess skal ungmennaráð funda árlega með bæjarstjórn þar sem rædd eru verkefni ráðsins, stöðu ungmenna í sveitarfélaginu, og áherslur og tillögur ráðsins.

Formaður boðar til fundar í samráði við starfsmann ráðsins. Boða skal til fundar með tryggum hætti með minnst 3 daga fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Forfallist aðalmaður skal hann boða varamann sinn.

Fundur er lögmætur ef meirihluti fulltrúa situr fundinn. Fulltrúum er heimilt að taka þátt í fundi með rafrænum hætti, séu þeir staddir í Ísafjarðarbæ eða í erindagjörðum innanlands á vegum sveitarfélagsins.

Halda skal fundargerð um það sem fram fer á fundum ráðsins. Fundargerðir skulu færðar í rafrænt málakerfi sveitarfélagsins, samþykktar af ráðinu og birtar opinberlega á vef Ísafjarðarbæjar með sama hætti og fundargerðir annarra nefnda og ráða. Fundargerðir skulu jafnframt lagðar fram til kynningar í bæjarstjórn og skóla-, íþrótta- og tómstundanefnd.

Um sérstakt hæfi fulltrúa, réttindi og skyldur og aðra fundarsköp fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar eftir því sem við á.

6. gr.

Tengsl við stjórnsýslu og nefndir Ísafjarðarbæjar

Erindum og tillögum ungmennaráðs sem beint er til bæjarstjórnar eða fagnefnda skal vísað til viðeigandi aðila til formlegrar afgreiðslu, og skal ráðinu tilkynnt um afdrif mála skriflega.

Bæjarstjórn og fagnefndum, einkum skóla-, íþrótta- og tómstundanefnd, ber að leita umsagnar ungmennaráðs um stefnumótandi ákvarðanir og skipulagsmál sem hafa veruleg áhrif á aðstæður barna og ungs fólks.

Ungmennaráð á rétt á að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu á fundum skóla-, íþrótta- og tómstundanefndar, með málfrelsi og tillögurétt, og skal fulltrúi ráðsins boðaður á fundi

þegar tekin eru fyrir mál sem snerta sérstaklega hagsmuni ungs fólks eða erindi frá ráðinu.

7. gr.

Starfsmaður og aðstaða

Íþrótta- og æskulýðsfulltrúi er starfsmaður ungmennaráðs með málfrelsi og tillögurétt. Auk þess á forstöðumaður félagsmiðstöðva rétt á að sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt.

Starfsmaðurinn annast fundarboðun í samráði við formann, ritun og frágang fundargerða, samskipti við stjórnsýsluna og framkvæmd verkefna.

Ísafjarðarbær tryggir ráðinu viðeigandi fundaraðstöðu og starfsskilyrði, auk viðeigandi fræðslu um stjórnsýslu og fundarsköp í upphafi starfsárs.

8. gr.

Kjör fulltrúa

Fulltrúar í ungmennaráði fá greidda þóknun í samræmi við reglur Ísafjarðarbæjar um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa, nánar tiltekið vegna setu á fundum ráðsins, þátttöku og stjórnun á ungmennaþingi og greiðslu ferðakostnaðar.

9. gr.

Gildistaka

Samþykkt þessi, sem sett er á grundvelli 2. mgr. 11. gr. æskulýðslaga nr. 70/2007 og samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar nr. 525/2021, öðlast gildi við samþykkt hennar í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt fyrir ungmennaráð Ísafjarðarbæjar frá 2017.

Samþykkt á 576. fundi bæjarstjórnar þann 1. október 2026